

STJÓRNARTÍÐINDI B 93 – 1997

7. nóvember 1997

1407

Nr. 619

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá og reglum
fyrir símaþjónustu í einkarétti nr. 593/1997.

1. gr.

7. grein í I. kafla hljóði svo:

7. 800 - númer.

Rétthafi 800 númera greiðir fyrir öll innkomandi símtöl kr. 3,32 við svar og kr. 3,11 á mínútu frá kl. 08:00 til kl. 19:00 frá mánudegi til föstudags en kr. 1,56 á mínútu á öðrum tímum. Ef 800 númeri er vísað til útlanda greiðir rétthafi samkvæmt gjaldskrá viðkomandi lands fyrir umferð til Íslands.

Notandi sem hringir úr almenna talsímakerfinu í 800 númer greiðir ekkert.

	Kr.
7.1. Stofngjald fyrir þjónustuna	34 505,00
7.2. Afnotagjald fyrir þjónustuna á ársfjórðungi	13 801,00

Innhringingum í 800 númerið, verður vísað yfir á önnur númer eitt eða fleiri, sem rétt-hafinn greiðir fyrir samkvæmt gjaldskrá.

2. gr.

Grein 1.1. í II. kafla hljóði svo:

1.1. Símtöl í sjálfvirka talsímakerfinu.

Byrjunargjald kr. 3,32 á símtal.

Dagtaxti kr. 1,56 á mínútu (128 sek. í skrefi).

Kvöld-, nætur- og helgartaxti kr. 0,78 á mínútu (256 sek. í skrefi).

Dagtaxti gildir frá kl. 08:00 til kl. 19:00 frá mánudegi til föstudags.

Kvöld-, nætur- og helgartaxti gildir frá kl. 19:00 til 08:00 virka daga og frá kl. 19:00 á föstudegi til kl. 08:00 næsta mánudag. Þessi taxti gildir einnig á hátíðisdögum sem ber upp á mánudag til föstudags.

3. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga nr. 143/1996 um fjar-skipti, sbr. 10. gr. laga nr. 103/1996 um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamála-stofnunar, öðlast gildi 11. nóvember 1997 og fellur úr gildi 31. desember 1997.

Samgönguráðuneytinu, 7. nóvember 1997.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

Gutenberg